

Mánudaginn hinn 13. júlímánaðar.

Nr. 16/1908:

Jón Jörundsson

gegn

Magnúsi Guðmundssyni.

D ó m u r :

Í meiðyrðamáli þessu, sem höfðað var fyrir aukarétti Strandasýslu og þar dæmt 10 okt. f. á., hefir sátta-kæra verið gefin út 23. maí 1906 og fyrirfall til sáttafundar 25. s. m., er birt var samdægurs, en málskjölin bera það eigi með sér, að málið hafi nokkru sinni komið fyrir hina lögskipuðu sáttanefnd. Með því þannig brestur sönnun fyrir því, að lögleg sáttatilraun hafi fram farið í málinu. verður að dæma aukaréttardóminn og alla málsmeðferðina í héraði ómerka; málskostnaður fyrir yfirdómi verður að falla niður.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Aukaréttardómurinn og öll máls meðferðin í héraði skal vera ómerk.

Málskostnaður fellur niður.

Nr. 43/1907:

Þorsteinn Jónsson og

Sigurjón Baldvinsson

gegn

Birni Björnssyni og

Guðmundi Björnssyni.

D ó m u r :

Með kaupsamningi dags. 18 júní 1906 seldu hinir stefndu, Björn Björnsson og Guðmundur Björnsson tré-

smiðir á Akureyri, þeim Þorsteini Jónssyni kaupmanni í Dalvík og Sigurjóni Baldvinssyni bónda í Árgerði mótorbátinn »Fálkann« fyrir 2800 kr., og greiddu kaupendum 600 kr. upp í andvirði bátsins við móttöku hans, en eftirstöðvarnar áttu að greiðast þannig: 1000 kr. fyrir 14. sept. 1906, 600 kr. fyrir 14. desbr. s. á. og 600 kr. fyrir 14. marz 1907. Með því að kaupendur greiddu eigi hina fyrstu afborgun 1000 kr. á réttum gjalddaga, höfðuð seljendurnir með stefnu dags. 2. okt. 1906 mál á móti kaupendum bátsins til greiðslu á eftirstöðvum kaupverðsins 2200 kr. og 200 kr. aukaborgunar samkvæmt 5. gr. sammingsins. — Á hinn bóginn töldu áfryjendurnir, hinir stefndu í héraði Þorsteinn Jónsson og Sigurjón Baldvinsson, að hreyfivélin í bátnum hefði reynst ónýt; gagnsóttu þeir því þá bræður Björn og Guðmund og kröfðust þess, að þeir tækju aftur við hinum umgetna bát, endurgreiddu þeim þær 600 kr., er þeir höfðu greitt upp í kaupverð bátsins og greiddu þeim alt að 2000 kr. bætur fyrir atvinnutjón. Var málum þessum ráðið til lykta með gestaréttardómi Akureyrarkaupstaðar hinn 5. júní f. á. á þá leið, að gagnstefndu, Þorsteinn Jónsson og Sigurjón Baldvinsson skyldu greiða in solidum aðalstefnendum Birni og Guðmundi Björnssonum 2200 kr. með  $5\frac{1}{2}\%$  vöxtum p. a. frá 18. júní 1906 til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hafa þeir Þorsteinn Jónsson og Sigurjón Baldvinsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 24. okt. f. á., og hafa þeir krafist þess, að hinn áfryjaði dómur verði úr gildi feldur og breytt þannig, að áfryjendurnir verði sýknaðir fyrir kröfum hinna stefndu

í málinu, að stefndu verði dæmdir til að taka aftur við vélarbátnum »Fálkanum«, að þeir verði dæmdir til að greiða áfrýjendunum 600 kr. ásamt  $5\frac{1}{2}\%$  vöxtum frá 18. júní 1906 til borgunardags, svo og til að greiða þeim alt að 2000 kr. í skaðabætur fyrir atvinnutjón og málskostnað eftir mati yfirdómsins. Á hinn bóginn hafa hinir stefndu gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 25. jan. þ. á. og hafa þeir krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er snertir greiðslu aðaláfrýjendanna á eftirstöðvum kaupverðsins 2200 kr. og að því er snertir sýknun gagnáfrýjenda af kærnum og kröfum aðaláfrýjenda, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða gagnáfrýjendum 200 kr. í skaðabætur eftir 5. gr. sammingsins með vöxtum frá birtingu gestaréttarstefnunnar og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati réttarins.

Svo sem þegar er tekið fram er mál þetta risið út af því, að aðaláfrýjendur uppfyltu ekki samning þann, er þeir gjörðu við gagnáfrýjendur 18. júní 1906 um kaup á mótorbát kölluðum »Fálkinu«. Við móttöku mótorbátsins greiddu aðaláfrýjendur 600 kr. upp í bátsandvirðið, en eftirstöðvarnar hafa þeir neitað að borga af þeirri ástæðu, að vélin í bátnum hafi verið óbrúkleg er þeir veittu bátnum móttöku, að seljendum hafi hlotið að vera það kunnugt, en að þeir hafi leynt því fyrir kaupendum og hafi því sýnt af sér pretti í viðskiftum sínum við aðaláfrýjendur.

Það má telja það sannað í málinu, að kaupendur bátsins, aðaláfrýjendur máls þessa, hafi eftir að þeir tóku við honum, gert talsverðar tilraunir til þess að koma vélinni til að vinna, en að þeir hafi ekki fengið hana

til að ganga svo not yrðu að. Þetta telja þeir sönnun fyrir því, að vélin hafi verið ónýtt, er þeir tóku við bátnum, og hafa þeir jafnvel haldið því fram, að smíðagallar hafi verið á vélinni frá fyrstu gerð, svo að hún hafi verið ótrygg frá upphafi. Að visu hefir eitt vitni, er telur sig hafa þekkingu á mótórvélum, borið það fram, að smíðisgalli sé á vélinni, en þar sem vitni þetta hefir enga frekari grein gert fyrir þessu álitu sínu eða bent á hver galli þessi sé,\* þá verður, svo sem fram er tekið af undirdómaranum, enginn dómur bygður á vitnisburði þessum, og því síður er það sannað, að seljendum hafi verið nokkur slíkur galli á vélinni kunnur, er þeir seldu hana. Að aðaláfrýjendur gátu ekki fengið vélinu til að vinna er heldur ekki næg sönnun fyrir því að vélin hafi verið ónýtt, er báturinn var seldur, því það er in confesso, að hinn seldi bátur gekk fyrir vélarkrafti sínum frá Akureyri út í Dalvík, þar sem hann var afhentur, og var þá annar af kaupendunum á bátnum, og eftir það er það einnig viðurkent, að annar seljandinn, Guðmundur Björnsson, hafi komið vélinni í gang svo not yrðu að. Það er því alveg ósannað, að ólag það, er var á vélinni, hafi stafað af eldri göllum á henni, en getur alveg eins stafað af ófullkominni meðferð kaupenda á vélinni. — Hvað framkomu seljendanna gagnvart kaupendunum viðvíkur, þá hefir því verið haldið fram af seljendunum, án þess því hafi verið mótmælt, að kaupendum hafi gefist fult færi á að skoða bátinn og rannsaka vélinu áður en samningurinn var fullgerður, og svo sem þegar hefir verið tekið fram, fór annar kaupendanna, sá er síðar átti að stjórna vélinni, með

bátnum frá Akureyri til Dalvíkur, og eftir þá ferð gáfu kaupendurnir þá yfirlýsingu, dags. í Dalvík 19. júní 1906, að báturinn sé að öllu leyti í því ástandi, sem kaupsamningurinn áskilji, og að þeir hafi einkis frekara að krefjast af seljendunum. Nær þessi yfirlýsing auðvitað ekki að eins til bátsins, heldur og til vélarinnar. — Það er að vísu sannað, og að nokkru leyti viðurkent af hálfu seljendanna, að vél þessi, er þeir höfðu notað eitt sumar áður, hafi þá við og við stanzað hjá þeim, en seljendur hafa haldið því fram, að þetta ólag á vélinni hafi verið vankunnáttu þeirra að kenna, er stjórnunðu vélinni, en eigi af því, að hún væri gölluð, og verður eigi af þessu dregið, að seljendum hafi verið kunnir neinir þeir ákveðnir gallar á vélinni, er gerðu hana lítt nýta, þegar þeir seldu bátinn, að því undanskildu, að vélin væri of stór fyrir bátinn, en slíkan galla gátu kaupendurnir sjálfir séð og varað sig á, úr því þeir áttu kost á að skoða bátinn.

Það verður því að taka kröfu gagnáfrýjendanna til greina um staðfestingu gestaréttardómsins um greiðslu aðaláfrýjendanna á eftirstöðvum kaupverðsins 2200 kr. með  $5\frac{1}{2}\%$  vöxtum p. a. frá 18. júní 1906 til þess borgað er, og um sýknun gagnáfrýjendanna af skaðabótakröfu aðaláfrýjenda.

Hvað snertir kröfu gagnáfrýjenda um, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða þeim 200 kr. í skaðabætur eftir 5. gr. samningsins, þá verður sú krafa ekki tekin til greina, þar sem það er sannað, að aðaláfrýjendur hafa reynt til að fá bátinn váttrygðan, en verið neitað um það, enda var bátnum, svo sem upplýst er í málinu, ekki haldið úti til fiskiveiða nema fáa róðra eftir

að kaupendur eignuðust hann. Þar sem yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann í öllum greinum. En málskostnað fyrir yfirdómi verða aðaláfrýjendur eftir þessum úrslitum að greiða gagnáfrýjendum og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Aðaláfrýjendur Þorsteinn Jónsson og Sigurjón Baldvinsson greiði gagnáfrýjendunum Birni Björnssyni og Guðmundi Björnssyni 30 kr. sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 20. júlímánaðar.

Nr. 54/1907:

Einar Markússon

gegn

Jóhannesi V. H. Sveinssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í héraði hinn stefndi Jóhannes V. H. Sveinsson, bóndi á Kirkjufelli, fyrir gestarétti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu gegn áfrýjandanum, kaupmanni í Ólafsvík, Einari Markússyni, til þess að fá hann dæmdan til að greiða sér skuld, er hann taldi til